



Fundargerð

3. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudagur 10. október 2022, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Geir Gígja, Ferðamálasamtök Suðurlands
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, formaður stjórnar, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- Verkefni sl. missera og það sem er *framundan*
- Önnur mál

[Verkefni sl. missera](#)

Áfangastaðaáætlun – DMP

Ragnhildur fer yfir stöðu á uppfærslu áfangastaðaáætlunar en sú vinna er í gangi og hefur Vala Hauksdóttir komið inn í þá vinnu einnig. Áætlunin sem nú er í birtingu inni á vefnum var gefin út 2018 til þriggja ára en hefur verið uppfærð á hverju ári með tilliti til breytinga á áherslulista sveitarfélaganna. Óskað er eftir samþykki stjórnar fyrir því að núverandi áætlun gildi a.m.k. út árið 2022. Það styrkir umsóknir fyrir uppbyggingu áfangastaða að vera í birtri áfangastaðaáætlun. Stjórn samþykkir að núverandi áfangastaðaáætlun gildi út árið 2022.

Framundan eru lokaskrif, prófarkarlestur, uppsetning og hönnun. Þá verður áætlunin send til sveitarfélaga og haldnir kynningarfundir.

Vinnustofur og sýningar

Verkefnastjóri (Ragnhildur) fór fyrir hönd Markaðsstofu Suðurlands á vinnustofur í Bandaríkjunum í byrjun september á vegum Íslandsstofu í þremur borgum, Raleigh/Durham, Denver og Minneapolis. Gestir vinnustofanna voru um 70, góð blanda ferðasala sem höfðu selt Ísland lengi og þekktu svæðið því vel og aðila sem voru nýir í faginu. Allir höfðu mikinn áhuga á að fá upplýsingar um Suðurland, s.s. náttúru, menningu og alla þá fjölbreyttu þjónustu sem það hefur upp á að bjóða.

Markaðsstofa Suðurlands sendi tvo starfsmenn (Stefán og Nejru) á ferðasýninguna Vestnorden í Grænlandi. Þar funduðu þau með um 40 fulltrúum ferðaskrifstofa. Greinilegt var að mikill áhugi var á Suðurlandi og kynnti Markaðsstofan það helsta í nýjungum ásamt því að minna á önnur fyrirtæki, áfangastaði og náttúruperlur.

Framundan er eftirfylgni með því að senda kaupendunum þær upplýsingar sem óskað var eftir og koma þeim í samband við samstarfsaðila eftir atvikum. Sömu leiðis verður sendur upplýsingapóstur til samstarfsaðila varðandi þessi fyrirtæki.

Þá tekur Markaðsstofan þátt í rafrænni vinnustofu í byrjun nóvember með ferðasölum frá Ítalíu og Frakklandi.

Einnig er Markaðsstofan skráð á vinnustofur með Íslandsstofu til Belgíu og Hollands um miðjan nóvember (16. Amsterdam/17. Brussel) þar sem Nejra verður fulltrúi Suðurlands.

Ferðasýningin Mid-Atlantic á vegum Icelandair verður haldin 26.-29. janúar 2023, MSS mun skrá sig eins og verið hefur fyrir allt Suðurland. Sú skráning felur í sér að fjórir aðilar geta verið á básnum hverju sinni og hefur starfsmaður Markaðsstofunnar mannað eitt pláss og fulltrúar svæðanna þrjú.

Blaðamannaferð

Dagana 29. september til 3. október voru blaðamenn frá Bandaríkjunum í samstarfi við Íslandsstofu og MSS á ferðinni um Suðurland. Verkefnastjóri MSS (Nejra) fylgdi hópnum um landshlutann en fjórir blaðamenn frá mismunandi miðlum komu í ferðina ásamt fulltrúa bandarískrar almannatengslastofu sem Íslandsstofa er í samstarfi við. Farið var með blaðamennina vítt og breytt um Suðurlandið og fengu þeir að kynna náttúru, afþreyingu, gistingu, mat og menningu sem svæðið hefur upp á að bjóða. Ferðin tókst afar vel og var mikil ánægja með hana meðal hópsins.

Framundan er eftirfylgni, svara fyrirspurnum og fylgjast með útgáfu efnis.

Heimasíða

Verið er að vinna við áframhaldandi þróun vefsíðna MAS, en skipaðir hafa verið vinnuhópar um mismunandi verkefni við uppfærsluna.

Samstarf Markaðsstofa landshlutanna (MAS)

Undanfarið hefur verið unnin hugmyndavinna að endurmörkun Markaðsstofa landshlutanna

sem fulltrúi MSS hefur tekið þátt. Þetta felur í sér vinnu við sameiginlega vefsíðu, merki og Mannamót.

Stjórn samþykkir kostnaðinn við þá uppfærslu, og er hún innan kostnaðaráætlunar þessara árs. Þá er sameiginlegur starfsmannafundur MAS í vikunni en fundurinn verður í Reykjavík með öllu starfsfólki markaðsstofanna. Það verður fundað og unnið með sameiginleg verkefni eins og Mannamót, haustráðstefnuna, vefi markaðsstofanna og fleira. Einnig verður fundað um gönguleiðaverkefni með Ferðamálastofu og farið í hópefli.

Samstarf sveitarfélaganna

Verið er að vinna að uppfærslu á svæðiskortum en þegar er byrjað á korti Gullna hrings svæðisins. Einnig er búið að hafa samband við hin svæðin til kanna stöðuna þar.

Framundan er faghópsfundur, þriðjudag 11.10.22. Þar mun Vala Hauksdóttir kynna vinnu við Eldfjallaleið. Farið var í samstarf með Reykjanesi um leiðina. Vinnustofur eru framundan í október, fundir verða haldnir á fimm stöðum á Suðurlandi og einn á Reykjanesi.

Aðrir fundir / erindi

Fundur í september með Hæfnisetri ferðaþjónustunnar og SAF varðandi hugmynd og skipulag á opnum fundi á Suðurlandi á nýju ári, sem samstarfsverkefni Áfangastaðastofu, SAF og Hæfnisetursins. *Framundan er að vinna áfram að útfærslu og skipulagi.*

Verkefnastjóri MSS (Ragnhildur) hélt erindi 4. október um starfsemi Markaðsstofunnar, viðbrögð fyrirtækja í Covid og hvernig útlitið er framundan fyrir Erasmus verkefnishóp sem Rannsóknarmiðstöð ferðamála var með á fundi og í heimsóknum á Suðurlandi.

Verkefnastjóri MSS (Stefán) aðstoðaði við framkvæmd Atvinnumálalöngs Uppsveitanna á Flúðum, 6. október, með því að taka viðburðinn upp og klippa það efni saman með glærum og niðurstöðum.

Framundan er markaðsráðstefna Sahara sem Neira og Stefán munu fara á.

Önnur mál

- Verkefnastjóri (Ragnhildur) óskar eftir að það sé skoðað að fá viðbótarkreditkort fyrir starfsmenn til að nota á ferðalögum, hvort sem það sé innanlands eða erlendis. Stjórn þykir það sjálfsagt að athuga með kreditkort fyrir starfsmennina.
- Starfsmenn víkja af fundi þar sem trúnaðarmál var rætt.

Fundi slitið kl. 10:35